



„Er hann
umhverfisvænn og
sjálfbær?“

Menntun og margbreytileiki

Kristín Björnsdóttir prófessor við
Menntavísindasvið HÍ og grunnskólanemendur
kbjorns@hi.is

Góður skólinn krakkarnir

Og að krakkarnir eru nice.

Bekkurinn

Ekki of stór bekkur, heldur ekki of fáir.

Að það sé gaman í skólanum.

Tölvur

nota fartölvur

Góður skóli góður matur

Góður skóli er: þegar það er góður matur, ekki upphitaður.

Að líða vel

Okkur líður vel í skólanum af því vinirnir eru góðir og kennararnir

Kennarar sem hlusta

Að kennararnir hlusta á krakkana

Klósett

godur skóli er með god klosett og hrein

Kennarar

Góðir kennarar

Góður skóli kennarar

Og þegar kennararnir hlusta vel á mann og ná vel til krakkanna.

Vinir

Fyrir mér er skólinn góður þegar ég hef vini mína. Það er allt skemmtilegt í skólanum ef get verið með þeim.

Stærðfræðin

Gott að hafa talnalínu og kubba

Góður tími fyrir leik.

Uppbrotisdagar

Langskemmtilegustu dagarnir eru þegar uppbrotisdagar eru, eins og t.d. þemadagar, öskudagur, fjölgreindaleikar og þannig.

Lotur

madur má velja sér lotur

Góður skóli

Góður skóli er með bekkjakerfi. Í skóla ekki með bekkjakerfi er ég alltaf með mismunandi krökkum. Mer finnt lettara að halda utan um námið í bekkjakerfi.

Góður skóli

er skóli þar sem allir eru góðir við aðra, hlusta á alla, grípa ekki fram í fyrir fólk og það er

Að það sé góður hádegismatur

Öryggi

Að finna að maður sé öruggur í skólanum.

Kennarar

Kennararnir eru góðir þegar þeir ná athyglinni minni og hlusta á það sem við höfum að segja.

Góður kennari

godur kennari kenarinn er ekki tad sdrangur og er godur ad lata krakana læra

Góður skóli er

skemmtilegur skóli þar sem krakkar eru allir vinir.

Bekkjarkerðir

þær eru skemmtilegar, að fara eitthvað og sleppa við að gera



„Ég held ég gæti ekki einu sinni skilgreint fyrir þér almennilega hvað felst í því að vera skóli án aðgreiningar.“

- Skóli fyrir alla
- Skóli án aðgreiningar
- Skóli margbreytileikans

- Inngildandi skóli
 - Inngildandi menntun er andstæða útilokunar
 - Nemandinn er tekinn sem fullgildur meðlimur hópsins
 - (Berglind Rós Magnúsdóttir, 2016)



„Það er gott að hafa skemmtilegan kennara því þá er stemmningin í bekknum betri og enginn pirraður“

- Að kennararnir **hlusta** á krakkana
- Kennararnir eru góðir þegar þeir ná athyglinni minni og **hlusta** á það sem við höfum að segja.
- Og þegar kennararnir **hlusta** vel á mann og ná vel til krakkanna.
- Þeir eru **ekki alltof mikið að skamma krakka**. Þeir láta mann stundum vinna í tölvunni. Gera allskonar skemmtilegt í stærðfræðinni
- Kennarar sem kenna og hjálpa en **öskra ekki**



Að vera heppin með kennara

- Fatlaðir nemendur tala um að vera „heppin með kennara“:
 - Hann ber virðingu fyrir nemendum
 - Hann kemur eins fram við alla nemendur
 - Hann gerir kröfur til nemenda sinna
 - Hann sýnir skilning
 - (Kristín Björnsdóttir, 2014; Snæfríður Þóra Egilson 2005-2013)
- „Minnisstæðir kennarar“
 - Sýna umhyggju og alúð
 - Veita líðan athygli
 - Gefa sig að nemendum og bregðast við misjöfnu dagsformi þeirra.
 - „Hún kom oft til mín og spurði mig hvernig ég hefði það, alltaf mjög róleg, sama þótt ég væri reiður eða þættist ekki hlusta á hana“.
 - (Íris Einarsdóttir, 2019)



„Okkur líður vel í skólanum af því að vinirnir eru góðir og kennararnir eru góðir. Það er ekki verið að stríða okkur“.

- Og að **krakkarnir eru nice**
- Góðir bekkjarfélagar gera skólann góðan. Þeir hjálpa og vinna saman. Þeir eru góðir við aðra og meiða ekki og stríða ekki og eru góðir við alla nema kannski **hrekkjusvín**.
- Fyrir mér er skólinn góður þegar ég hef **vini** mína. Það er allt skemmtilegt í skólanum ef ég get verið með þeim.
- Góður skóli er skóli þar sem **allir eru góðir** við aðra, hlusta á alla, grípa ekki fram í fyrir fólki og það er passað upp á alla.
- Góður skóli er skemmtilegur skóli þar sem **krakkar eru allir vinir**

Foreldrar gæta hagsmuna barna sinna á skólaskyldualdri.

- Lög um grunnskóla:
 - 22 kennarar
 - 29 skólastjórar
 - 65 foreldrar
 - 137 sveitarfélög
- Þáttur foreldra í skólum án aðgreiningar er vanmetinn
- Dæmi um farsæla inngildingu þá er samstaða foreldra mikil





Aukavinna fyrir kennara

„Aukavinna“ (Hermína Gunnþórsdóttir og Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, 2013; Kristín Björnsdóttir og Eiríksína Kr. Ásgrímsdóttir, 2020)

Ekki nætur tími til undirbúnings (Kristín Björnsdóttir og Eiríksína Kr. Ásgrímsdóttir, 2020)

Hafa ekki þekkingu, kunnáttu (allar skýrslur og rannsóknir)



„Ekki of stór bekkur. Heldur ekki of fáir“


Rannsóknir á bekkjarstærð sýna alls konar niðurstöður.

Nemendur upplifa oft og tíðum létti við að fara í sérdeild því þar eru minni hópar (t.d. Íris Einarsdóttir, 2019).

Kennarar lýstu því hvernig það væri mikilvægt að skipta nemendum í minni hópa:

„Ég held líka að það henti svo mörgum að vera í smærri hópum sem maður fann algjörlega í covid ... Mér fannst svo gott hvað ég gat sinnt hverjum og einum og sýnt öllum athygli og mér fannst svo gaman því það voru fleiri en einn nemandi sem höfðu orð á því“. (Kristín Björnsdóttir og Eiríksína Kr. Ásgrímsdóttir, 2020).

Afsláttur




„Ég og vinur minn vorum í sérkennslu og það var ekkert mikið sem við þurftum að læra [...] sko seinustu árin þurfti ég ekki að læra mikið, alla vega fannst mér það ekki.“ (Íris Einarsdóttir, 2019).



„Maturinn þarf að vera ætilegur þá er auðveldara að læra og gera allt“

- Að það sé góður hádegismatur
- Þegar það er góður matur. **Ekki upphitaður.**
- Maturinn er góður. Nesti er gott. Vatnið er nógu kalt nema það vantar klakana í skólann okkar.
- Góður og vondur matur. Hollur og óhollur matur, fiskur sem er vondur, pizzur og pylsur sem er góður matur og svo allt hitt sem er í lagi
- Maður fær að **kjósa góðan mat** til að hafa í hádeginu



Klósettin

- „Góður skóli er með góð klósett og hrein“.
- Óaðgengileg og óaðlaðandi skólaklósett hafa neikvæð áhrif á heilsufar skólabarna (Lundblad, Berg og Hellström, 2006; Lundblad og Hellström, 2009).
- Klósett hafa áhrif á skólaval
 - „Þegar ég fékk bréfið um að ég hefði komist inn í námið, þá lét ég panta stærstu gerð af bleium“
- Á meðan aðrir taka við þessum nemendum þá verða ekki gerðar breytingar á húsnæðinu



„Er hann umhverfisvænn
og sjálfbær?“
